



Maraðon í Seattle

26. – 30. Nóvember 2010

Maraðon hlaupið í Seattle hefur farið ört vaxandi undanfarin ár, enda aðstæður allar hinar bestu. Stórbrotin náttúra, iðandi mannlíf og spennandi menning einkennir þessa sígrænu borg í norðvestur hluta Bandaríkjanna. Gríðarleg stemning er í kringum maraþonið á ári hverju. Í fyrra tóku hátt í 25 þúsund manns þátt í hlaupinu hvaðanæva að úr heiminum. Boðið er uppá bæði heilt og hálf maraþon.

Föstudagur 26. nóv: Keflavík - Seattle: Mæting á Keflavíkurflugvöll kl.14:55. Beint flug til Seattle kl. 16:55. Rútuferð til Seattle (30 mín akstur). Við gistum á Max, sem er 3.5 stjörnu hótél hjarta borgarinnar. Hlaðborð bíður okkar á hótelinu, en Seattle er fræg fyrir frábæra matarmenningu.

Laugardagur 27. nóv: Skráning og leiðsögn um Seattle: Fyrir hádegi fer fram skráning í hlaupið (stutt ganga frá hótelinu). Eftir hádegi er 1.5 klst. leiðsögn um Seattle borg. Um kvöldið er boðið uppá pasta kvöldverð fyrir alla þátttakendur.

Sunnudagur 28. nóv: Maraðon dagur: Maraðonið hefst rétt hjá Geimnálinni (Space Needle), sem setur svip sinn á borgina og er í 10 mín göngufjarlægð frá hótelinu. Hálf maraþon byrjar kl. 7:30 og maraþon kl. 8:15. Meðal hitastig á þessum árstíma eru 7 gráður. Oftast er skýjað og hægviðri, en einnig má eiga vona á rigningu, glampandi sól og allt þar á milli!

Mánudagur 29. nóv: Frjáls dagur og lokakvöldverður: Í dag gefst ráðrúm til að njóta borgarinnar. Allir helstu staðir eru í göngufjarlægð. Það má skoða mörg skemmtileg söfn eins og t.d. Experience Music Project, Seattle Art Museum og Olympic Sculpture Park. Ekki missa af hinum fræga Pike Place útimarkaði sem er innan seilingar. Mikið úrval er af skemmtilegum verslunum, sem á þessum árstíma eru stútfullar af jólagjöfum. Stutt er að ganga niður að sjó og njóta útsýnisins yfir Puget Sound eða fara í bátsferð um Washington vatnið. Það er líka hægt að fara upp í Geimnálinna og sjá útsýnið yfir nærliggjandi umhverfi. Seattle er umkringd tignarlegum fjallgörðum og eitt hæsta fjall Bandaríkjanna, Mount Rainier, trjónir yfir borginni. Um kvöldið er boðið uppá þriggja rétta máltíð á Red Fin, einum vinsælasta matsölastað borgarinnar.

Þriðjudagur 30 nóv: Heimferð: Í dag höldum við heim á leið. Rúta sækir okkur á hótelið kl. 12 á hádegi. Beint flug til Keflavíkur kl. 15:30. Lending í Keflavík kl. 6:45 á miðvikudagsmorgni.

Verð: 212.900 kr. á mann í tvíbýli (aukagjald fyrir einbýli er 40.000 kr.)

Innifalið:

1. Flug og flugvallaskattar
2. Keyrsla milli flugvallar og hótels í Seattle
3. Gisting í 4 nætur í tveggja manna herbergi á 3.5 stjörnu hóteli með morgunverði (fullt hlaðborð)
4. Þrjár kvöldverðir (26., 27. og 29. nóvember)
5. 1.5 klst leiðsögn um Seattle borg
6. Skráningargjald í maraþon hlaupið
7. Íslensk fararstjórn

Ekki innifalið:

1. Hádegisverðir og kvöldverður 28. nóvember
2. Forfalla- og ferðatryggingar.

- Við bókun þarf að greiða 25.000 kr. í staðfestingargjald. Staðfestingargjaldið er óendurkræft.
- Greiða þarf ferðina að fullu 8 vikum fyrir brottför.

Þetta tilboð gildir til 17. september, 2010.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Björnsdóttir hjá Iceland Encounter í síma 857-8803 eða kristin@encounter.is.